

# SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að aðal- og deiliskipulagsbreytingu við Suðurgötu 40-44

**Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 30.8.2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttri landnotkun í aðalskipulagi Hafnarfjarðar í samræmi við I. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt samþykkti bæjarstjórn tillögu að breyttu deiliskipulag fyrir Suðurgötu 40-44 og að auglýsa hana í samræmi við I. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

**Tillögurnar verða auglýstar samhliða líkt og 2.mgr. 4l. gr. skipulagslaga 123/2010 veita heimild til.**

Breytingartillaga aðalskipulags Hafnarfjarðar fyrir umræddar lóðir felst í að: breyta landnotkunarskilgreiningunni er nær til lóðanna við Suðurgötu 40-44 úr samfélagsþjónustu í íbúðarbyggð.

Breytingartillaga deiliskipulagsins felst í að: lóðin við Suðurgötu 40 verður aftur skilgreind sem íbúðarhúsalóð í stað bílastæðalóðar. Húsið við Suðurgötu 44 fær nýtt hlutverk ásamt leikfimishúsi sem á að víkja sk. gildandi skipulagi. Því verði breytt í íbúðarhús með að hámarki 12 íbúðum. Bílastæði verða leyst innan lóðar. Til verður ný lóð innan lóðar Suðurgötu 44 er fær númerið 46.

Tillögurnar ásamt fylgigögnum verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2, frá 16.03.2018–27.04.2018. Hægt er að skoða breytingartillögurnar ásamt fylgigögnum á vef Hafnarfjarðarbæjar [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is). Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 27. apríl 2018 þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar. Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**  
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR  
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**  
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00  
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



**HAFNARFJÖRÐUR**